



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgsgötu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Umboðsmaður barna  
Salvör Nordal  
Kringlunni 1, 5. hæð  
103 Reykjavík

Reykjavík 28. júní 2019  
Tilv.: MMR18090027/14.20.0

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu hefur borist bréf frá umboðsmanni barna, dags. 14. desember 2018, þar sem óskað er eftir álti ráðuneytisins á tveimur atriðum sem lúta að málefnum nemenda á fræðsluskyldualdri í framhaldsskóla.

- 1) *Annars vegar er óskað eftir álti ráðuneytisins á því hvernig túlkun ráðuneytisins á fræðsluskylduákvæði laga um framhaldsskóla, nr. 92/2018, í tengslum við heimild skólameistara til að víkja nemendum sem standast ekki kröfur um námsárangur eða skilyrði um mætingu, uppfylli ákvæði 28. gr. barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, og aðalnámskrá framhaldsskóla.*

Ákvæði 1. mgr. 32. gr. laga um framhaldsskóla kveða á um að þeir sem hafa lokið grunnskólanámi, hafa hlotið jafngilda undirstöðumenntun eða hafa náð 16 ára aldri eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Þeir sem eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla samkvæmt málsgreininni eiga jafnframt rétt á því að stunda nám í framhaldsskóla til 18 aldurs, sbr. ákvæði 2. og 33. gr. laganna.

Í greinargerð með lögum um framhaldsskóla segir að samkvæmt 32. gr. skulu allir sem náð hafa 16 ára aldri eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Peir skulu jafnframt eiga rétt á því að stunda nám í framhaldsskóla til 18 ára aldurs, þó að því gefnu að þeir hlýði almennum skólareglum. Hér er í reynd tryggð fræðsluskylda fyrir alla ólögráða nemendur sem felur í sér nýmæli.

Fjallað er um ábyrgð nemenda í 33. gr. a. og heimild skólameistara til að vísa nemanda úr skóla um stundarsakir eða ótímbundið. Samkvæmt 4. mgr. 33. gr. a. skal skólinn leiðbeina nemanda yngri en 18 ára, sem vísað er úr skóla ótímbundið, um mögulega endurkomu í nám óski hann þess.

Í greinargerð með lögum nr. 68/2012 um breytingu á lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 segir að hafi nemenda sem ekki hefur náð 18 ára aldri verið vísað úr skóla ótímbundið leggur ákvæði 33. gr. a. laga um framhaldsskóla þær skyldur á skóla að kynna viðkomandi nemanda möguleika á endurkomu í nám. Gert er ráð fyrir því að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd greinarinnar.

Ákvæði 33. gr. b. mælir fyrir um að hver skóli skuli setja sér skólareglur og þar skuli m.a. kveðið á um hegðun og almenna umgengni, samskipti, heilbrigðar lífsvenjur, skólasókn, námsframvindu, meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga.

Í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 1150/2008 er mælt fyrir um fræðsluskylduna, svo framarlega sem nemendur haldi almennar skólareglur, sbr. 32. gr. a og 33. gr. b laga um framhaldsskóla, en í síðarnefnda ákvæðinu er m.a. mælt fyrir um að kveðið skuli á um námsframvindu í skólareglum sem hver skóli skal setja sér.

Í 12. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum, nr. 326/2016, segir að nemandi, sem vísað hefur verið ótímabundið úr skóla vegna brota á skólareglum, á rétt á því að stunda nám í öðrum framhaldsskóla skv. 32. gr. laga um framhaldsskóla, hafi hann ekki náð 18 ára aldri.

Kafli 14.2 í aðalnámskrá. Þeir sem hafa lokið grunnskólanámi, hafa hlotið jafngilda undirstöðumenntun eða hafa náð 16 ára aldri eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla og eiga jafnframt rétt á því að stunda nám til 18 ára aldurs, samanber þó ákvæði 33. gr. framhaldsskólalaga um skólareglur og meðferð mála.

Það er því ljóst að nemendur eiga skýlausán rétt á því að stunda nám til 18 ára aldurs við framhaldsskóla. Líkt og fram kemur í frumvarpi með núgildandi lögum um framhaldsskóla var lögfest í fyrsta sinn fræðsluskylda fyrir alla ólögráða nemendur. Það er þó gerður sá fyrirvari í greinargerðinni að nemendur hlýði almennum skólareglum. Af þessu leiðir að nemendur kynnu að þurfa að sækja nám í öðrum skóla en óskir þeirra standa til, ef þeim er vísað úr skóla vegna brota á skólareglum. Framhaldsskólum ber að setja sér skólareglur og þar skal m.a. vera kveðið á um skólasókn og námsframvindu. Þó hvílir sú skylda á skólum að leiðbeina nemendum sem vísað er úr skóla ótímabundið, m.a. vegna þess að kröfum um námsframvindu er ekki náð, um mögulega endurkomu í nám ef óskir nemandans standa til þess. Það getur þá verið um að ræða endurkomu í sama skóla og viðkomandi nemanda var vísað úr eða annan framhaldsskóla. Verður ekki ráðið af núgildandi lögum og reglugerðum að á hvaða skóla hvíli skylda til þess að tryggja öllum án frekari skilyrða námsvist í skólanum, heldur fremur að á yfirvöldum hvíli sú skylda að tryggja að framhaldsskólalám sé háttáð á þann veg að námsframvinda sé ekki í öllum tilvikum fyrirstaða til náms í framhaldsskóla.

Ákvæði 28. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins kveður á um skyldu aðildarríkja til að m.a. koma á skyldu til grunnmenntunar sem allir geti notið ókeypis, veita öllum kost á æðri menntun eftir hæfileikum, sjá til þess að upplýsingar og ráðgjöf um nám og starfsval séu fyrir hendi og aðgengilegar öllum börnum og gera ráðstafanir til að stuðla að reglulegri skólasókn og draga úr því að nemendur hverfi frá námi. Þá skulu aðildarríki gera allt það sem við á til að tryggja að námsaga sé haldið uppi með þeim hætti sem samrýmist mannlegri reisn barnsins og í samræmi við samninginn.

Mismunandi skólar gera mismunandi kröfur um námsframvindu og er það ekki í andstöðu við ákvæði 28. gr. barnasáttmálans. Verður að telja að það falli undir 2. mgr. 28. gr. sáttmálans að það sé á valdi framhaldsskóla að viðhalda ákveðnum kröfum um námsframvindu og skólasókn til að tryggja að námsaga sé haldið uppi.

Þannig kunna nemendur að þurfa að sæta því að flytja sig á milli framhaldsskóla uppfylli þeir ekki þær kröfur sem gerðar eru til þeirra í skólareglum hvers skóla fyrir sig. Í slíkum tilvikum njóta nemendur innan 18 ára atbeina þar til bærs stjórnvalds sem hlutast ætti til um að útvega ólögráða nemendum skólavist í öðrum framhaldsskóla í samræmi við hina lögbundnu fræðsluskyldu 32. gr. laga um framhaldsskóla.

- 2) *Hins vegar óskar umboðsmaður barna eftir álti ráðuneytisins á því hvort ástæða sé til þess að taka til skoðunar mögulegar breytingar á fræðsluskylduákvæði framhaldsskólalaganna, þ.e. 32. gr., og kveða á um frekari skyldu framhaldsskóla til þess að styðja við nemendur í vanda til að tryggja farsæla skólagöngu þeirra. Bendir umboðsmaður á upplýsingar um hátt brotthvarf nemenda í framhaldsskólum.*

Að mati ráðuneytisins er ekki tilefni til að taka til skoðunar breytingar á 32. gr. laga um framhaldsskóla til að tryggja farsæla skólagöngu nemenda í vanda. Líkt og að framan er rakið er númerandi lagaumhverfi fullnægjandi og í samræmi við kröfur barnasáttmálans hvað þetta varðar.

Það er þó mögulega tilefni til þess að kenna hvort yfirvöld megi gera betur í að þeim nemendum sem standast ekki námsframvindu- eða skólasóknarkröfur í ákveðnum skólum séu tryggð viðeigandi úrræði svo fræðsluskyldu gagnvart þeim sé sinnt. Þetta mætti t.d. gera með bættu samstarfi framhaldsskólanna og Menntamálastofnunar. Fyrilliggjandi vísrendingar um hátt brotthvarfshlutfall

nemenda í framhaldsskólum er fremur til marks um að breytinga sé þörf á framkvæmdinni í raun, en að þær kalli á lagabreytingar.

Að lokum óskar umboðsmaður barna eftir afritum af öllum úrskurðum ráðuneytisins í málum er varða brottvísun nemenda úr framhaldsskólum vegna brota á skólareglum um námsárangur og/eða mætingu frá gildistöku laga um framhaldsskóla árið 2008. Hjálagt eru umbeðin gögn.

Fyrir hönd ráðherra

*Agnes Guðjónsdóttir*  
Agnes Guðjónsdóttir

*Jóhann Þorvarðarson*  
Jóhann Þorvarðarson